

Borgarráð

Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um svar um fjölda lóða sem úthlutað var á kjörtímabilinu - R18020068

Vísað er til svohljóðandi fyrirspurnar borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem lögð var fram á fundi borgarráðs þann 16. ágúst 2018.

Óskað er eftir útskýringum hvers vegna svör við fyrirspurnum frá 8. febrúar 2018 berast eftir kosningar þegar þau eru löngu tilbúin eins og raun ber vitni í svari um fjölda lóða sem hefur verið úthlutað á kjörtímabilinu fyrir leigu- og búseturéttaríbúðir. Svarið var tilbúið 11. maí en var ekki opinberað fyrr en á fundi borgarráðs 7 júní., sbr. 29. lið fundargerðar borgarráðs frá 8. febrúar 2018. Vísan í málið R18020068.

Svar:

Bréfið er dagsett þegar fyrstu drög að svari voru unnin. Svar við þessari fyrirspurn var ekki tilbúið fyrr en í byrjun júní 2018. Það láðist að breyta dagsetningu bréfsins við frágang og beðist er velvirðingar á því.

Dagur B. Eggertsson